

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á skreið fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 31. desember 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á skreið fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 31. desember 1976:

Porskur:

Saga IG/IM	kr. 876.00 pr. kg. fob.
Edda 20/40	— 752.00 pr. kg. fob.
Edda 30/up	— 752.00 pr. kg. fob.
Astra 20/40	— 661.00 pr. kg. fob.
Astra 30/up	— 722.00 pr. kg. fob.
Polar	— 661.00 pr. kg. fob.

Ufsi:

Astra 20/40	kr. 514.00 pr. kg. fob.
Astra 30/up	— 578.00 pr. kg. fob.
Polar	— 546.00 pr. kg. fob.

Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. nóvember 1976.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

um námslán og námsstyrki.¹⁾

I. KAFLI

Lánasjóður íslenskra námsmanna, hlutverk hans og stjórn.

1. gr.

Meginhlutverk lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms við stofnanir er gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar nemenda og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

Berist umsókn um aðstoð til náms við stofnun sem eigi hefur verið veitt aðstoð til náms við áður ber sjóðnum að kanna hvort stofnunin uppfylli skilyrði 1. mgr. Jafnframt ber sjóðnum að afla upplýsinga um námsskipan, námstíma og tilhögun þá sem við stofnunina tíðkast um eftirlit með árangri og ástundun námsmanna. Skyll er umsækjendum að aðstoða sjóðinn við slíka upplýsingaöflun.

1) Reglugerð þessi, sem var nr. 347/1976, birtist hér að nýju, vegna prentvillu.

2. gr.

Óháð ákvæðum 1. gr. skulu námsmenn við eftirtaldar námsstofnanir eiga kost á námsaðstoð samkvæmt þessari reglugerð og eftir því sem sérstök fjárveiting leyfir hverju sinni, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1976:

Fiskvinnsluskólinn, 3. og 4. ár.

Fósturskóli Íslands, 3. ár.

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands, 2. og 3. ár.

Iðnskólar, framhaldsdeildir 3. ár.

Íþróttakennaraskóli Íslands, lokaár.

Leiklistarskóli Íslands, 3. og 4. ár.

Myndlista- og handiðaskóli Íslands, 3. og 4. ár.

Stýrimannaskólar.

Tónlistarskólar: 2 síðustu námsár kennaradeilda Tónlistarskólans í Reykjavík, svo og tónlistarnemar á 7. og 8. námsstigi skv. námsstigakerfi Tónlistarskólans í Reykjavík.

Tækniskóli Íslands, raungreinadeild og tækninám, annað en meinatækni.

Vélskólar.

Nám á tæknifræðistigi og meinatækninám við Tækniskóla Íslands, svo og nám í framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri, telst aðstoðarhæft skv. 1. gr.

3. gr.

Öðrum námsmönnum en þeim er falla undir 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar verður því aðeins veitt námsaðstoð skv. heimild í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1976 að fyrir liggji rökstuðningur sem sjóðsstjórn metur gildan.

4. gr.

Auk íslenskra námsmanna skulu námsmenn frá Norðurlöndum sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda nám hérlandis eiga kost á námsaðstoð skv. reglugerð þessari, enda njóti þeir ekki aðstoðar frá heimalandi sínu, sbr. samkomulag milli Norðurlanda um það efni. Einnig er stjórn lánasjóðsins heimilt að veita aðstoð einstökum öðrum erlendum námsmönnum sem eins er háttáð um.

5. gr.

Um skipan stjórnar lánasjóðsins fer eftir 4. gr. laga nr. 57/1976.

Nefnd skipuð einum fulltrúa frá námsmannasamtökum hverrar innlendrar námsstofnunar sem reglugerðin tekur til, að Háskóla Íslands undanskildum, tilnefnir einn fulltrúa í sjóðsstjórn til tveggja ára ásamt varafulltrúa hans.

II. KAFLI**Umsóknir um námsaðstoð.****6. gr.**

Auglýsa skal með tryggilegum hætti eftir umsóknum um námsaðstoð frá sjóðnum.

Í auglýsingu skal taka fram hverja flokka námsaðstoðar sé um að ræða, hvar umsóknareyðublöð og önnur gögn séu fáanleg, skilafrest umsókna og annað það er máli skiptir.

Umsóknareyðublöð og upplýsingar um námsaðstoð sjóðsins skal jafnan vera unnt að fá í innlendum námsstofnunum sem aðstoðarhæft nám er stundað við og í sendiráðum Íslands erlendis.

7. gr.

Sækja skal sérstaklega um námsaðstoð fyrir hvert almanaksár eða annað tímabil sem auglýst kann að vera hverju sinni. Umsóknir skulu vera á eyðublöðum sjóðsins

og skal þeim ásamt tilskildum gögnum komið til sjóðsins fyrir lok skilafrests sem sjóðsstjórn ákveður. Berist sjóðnum eigi öll umbeðin gögn á tilskildum tíma, verður námsaðstoð eigi veitt nema sérstakar ástæður valdi, sem sjóðsstjórn metur gildar. Verði breytingar á högum umsækjanda eftir að umsókn var lögð fram, er honum skylt að skýra sjóðnum frá þeim, ef ætla má að þær skipti máli við ákvörðun um námsaðstoð.

8. gr.

Ef fram koma nýjar upplýsingar sem varða forsendur námsaðstoðar, er sjóðsstjórn heimilt að breyta ákvörðun um fjárhæð, og fella skal aðstoð niður, ef í ljós kemur að umsækjandi hafi vísitandi veitt rangar upplýsingar.

9. gr.

Sé umsókn ekki tekin til greina við veitingu námsaðstoðar skal umsækjanda skýrt frá því og ástæður tilgreindar.

III. KAFLI

Námslán.

10. gr.

Stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna skal árlega vegna fjárlagaundirbúnings gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn á næsta almanaksári með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir, og í upphafi hvers fjárlagaárs skal fjárhagsáætlunin endurskoðuð með hliðsjón af fjárveitingum og tekin ákvörðun um skiptingu ráðstöfunarfjár milli einstakra flokka námsaðstoðar og annarra útgjalda sjóðsins, svo og milli úthlutunartímabila á árinu. Hina endurskoðuðu áætlun, svo og hugsanlegar síðari breytingar, skal leggja fyrir menntamálaráðuneytið til staðfestingar.

11. gr.

Sjóðsstjórn skal árlega gefa út úthlutunarreglur að fengnu samþykki ráðherra. Úthlutunarreglurnar skulu hverju sinni miðaðar við að umráðafé sjóðsins til lána verði ráðstafað til lánshæfra umsækjenda með tilliti til:

- a) Framfærslukostnaðar og námskostnaðar á námsstað eða í námslandi, sem sjóðsstjórnin lætur kanna, svo og ferðakostnaðar, ef nám er stundað erlendis, sbr. þó 22. gr.
- b) Lengdar árlegs námstíma.
- c) Hversu langt námsmaður er kominn með nám sitt.
- d) Fjöldi þeirra sem lánþegi hefur á framfæri sínu.
- e) Efnahags námsmanns og maka hans, tekna þeirra eða möguleika á tekjuöflun meðan á námi stendur.
- f) Námsaðstoðar sem námsmaður eða maki hans nýtur frá opinberum aðilum eða stofnunum hérlendis eða erlendis, ættingjum eða venslamönnum í formi fjárframlaga eða aðstöðu, svo sem húsnæðis o. þ. h.

Ákvæði um maka í þessari grein taka einnig til sambýlisfólks samkvæmt skilgreiningu í 3. málsgrein 8. gr. laga nr. 57/1976.

12. gr.

Áður en útborgun námsláns getur hafist skulu sjóðnum hafa borist skilríki frá námsstofnun um námsárangur eða ástundun námsmanns á yfirstandandi námstímabili. Þá skal lántakandi og leggja fram yfirlýsingu tveggja ábyrgðarmanna, sbr. 6. gr. laga nr. 57/1976.

13. gr.

Stefnt skal að því, að námslán verði borguð út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á árlegu námstímabili, enda hafi öll tilskilin gögn borist sjóðnum í tæka tíð. Breytist fjárhæð námsláns á árinu vegna breyttra forsendna skal ákveða þær útborganir, sem eftir eru, í samræmi við endanlega ákvörðun um námslánið.

14. gr.

Sé námsmanni veitt víxillán til bráðabirgða, sbr. 1. málsg. 6. gr. laga nr. 57/1976, skal draga það frá útborgun endanlegrar námsaðstoðar, en falli námsaðstoð niður eða nægi eigi til greiðslu víxilsins gengur hann eða effirstöðvar hans til innheimtu, nema framlenging komi til vegna sérstakra ástæðna að mati sjóðsstjórnar.

IV. KAFLI**Endurgreiðslur.****15. gr.**

Einu ári eftir námslok falla lán þau sem veitt hafa verið gegn yfirlýsingum ábyrgðarmanna í gjalddaga ásamt verðbótum.

Verðbætur reiknast í réttu hlutfalli við breytingu á vísitölu framfærslukostnaðar skv. ákv. laga nr. 70/1967 frá fyrsta nýjum „gildistökuþingi vísitölu“ eftir að lán eða hluti þess er greiddur út til næsta „gildistökuþings vísitölu“ áður en lán er endurgreitt eða lánþegi undirritar skuldabréf til greiðslu á því.

Séu lán þessi ásamt verðbótum eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga skal námsskuldin innheimt ásamt áföllnum kostnaði.

16. gr.

Í skuldabréfi skv. 15. gr. skal tilgreina höfuðstól, þ. e. samtölu lána og verðbóta, og grunnvísitölu bréfsins sem miðast við næsta „gildistökuþing vísitölu“ áður en skuldabréfið er gefið út.

Lánþegi skal útvega ábyrgðaraðila sem sjóðsstjórn metur gilda eða leggja fram fullnægjandi veðtryggingu.

Í skuldabréfi skal taka fram afborgunarskilmála og afborgunardaga fyrir fasta árlega afborgun sbr. 17. gr. og aukaafborgun sbr. 18. gr.

17. gr.

Gjalddagi fastrar árlegrar afborgunar er 1. mars ár hvert, í fyrsta sinn 3 árum eftir námslok.

Föst árleg afborgun skal vera 10 000.00 kr. vegna hvers byrjaðs námsárs, sem lánþegi hefur notið námsaðstoðar skv. lögum nr. 57/1976, allt að 40 000.00 kr. Fjárhæðir þessar miðast við vísitölu framfærslukostnaðar 507 stig og hækka í hlutfalli við breytingar á henni til næsta „gildistökuþings vísitölu“ fyrir gjalddaga ár hvert.

18. gr.

Gjalddagi aukaafborgunar er 1. september ár hvert, í fyrsta sinn á sama ári og fyrsti gjalddagi fastrar afborgunar.

Aukaafborgun skal vera ákveðinn hundraðshluti af vergum tekjum umfram viðmiðunartekjur skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1976. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn árlega og gilda fyrir þau skuldabréf sem gefin eru út á því ári.

Hundraðshluti þessi (h) miðast við:

- a) RL: Samanlögð meðalárslán allra lánþega skv. 1. gr. síðustu fjögur ár, talið frá síðasta ári, sem lánþegi naut aðstoðar, umreiknuð miðað við vísitölu framfærslukostnaðar 1. maí ár hvert til þeirrar vísitölu (v) 1. maí árið áður en skuldabréf er gefið út.

- b) VT: Viðmiðunartekjur lánþega með maka og tvö börn 1. maí árið fyrir útgáfu skuldabréfs.
- c) Að lánþegi með maka og tvö börn endurgreiði höfuðstól lánsins að fullu á 20 árum, ef verðlag er stöðugt og hann hefur tvöfaldar viðmiðunartekjur.

Hundraðshlutinn (h) verður þá:

$$h = \frac{RL \div 40\,000 \cdot v/507 \cdot 20}{20 \cdot VT} \cdot 100$$

19. gr.

Afborganir samkvæmt 17. og 18. gr. skiptast á höfuðstól og verðbætur þannig, að upp í höfuðstól telst greiddur sá hluti afborgana, sem svarar til hlutfallsins grunnvísitala skuldabréfs á móti vísitölu á gjalddaga.

Skuldabréf er að fullu greitt þegar höfuðstóll er að fullu endurgreiddur, eða greiddar hafa verið afborganir í tuttugu ár.

Heimilt skal lánþega að endurgreiða skuld sína hraðar en ákveðið er með ákvæðum 17. og 18. gr. Slíkar viðbótarafborganir skiptast á höfuðstól og verðbætur eftir sömu reglu og aðrar afborganir sbr. 1. mgr. og hafa ekki áhrif á endurgreiðslur að öðru leyti en því, að fullnaðargreiðslu verður lokið fyrr.

20. gr.

Séu árlegar afborganir ekki inntar af hendi á réttum tíma telst öll skuldin gjaldfallin og skal innheimt á kostnað lántaka, nema sérstakar ástæður valdi að mati sjóðsstjórnar, sem getur þá samið um greiðslufrest.

21. gr.

Sjóðsstjórn getur samið um undanþágu frá endurgreiðslureglum ef lánþegi býr við stórlega skertar fjárhagsástæður til langframa, t. d. vegna örorku.

Sjóðsstjórn er heimilt að fella niður kröfur á dánarbú látins námsmanns, ef sýnt þykir að ella leggist óeðlileg greiðslubrýði á erfingja hans.

V. KAFLI

Námsstyrkir.

22. gr.

Því fé sem árlega er til ráðstöfunar til ferðastyrkja skv. endurskoðaðri fjárhagsáætlun sjóðsins, sbr. 10. gr. reglugerðar þessarar, skal ráðstafað til umsækjenda sem stunda aðstoðarhæft nám fjarri heimili sínu, innan lands eða utan. Skal fjárhæð hvers ferðastyrks ákveðin með tilliti til ferðakostnaðar milli námsstaðar og heimilis, og skulu þeir námsmenn erlendis er stunda nám er eigi verður stundað hérlandis ganga fyrir.

Ferðastyrkur vegna náms innanlands verður því aðeins veittur að sams konar nám verði ekki stundað þar sem umsækjandi á heima.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita viðbótarstyrk, ef sérstaklega er um það sótt og umsækjandi færir að því rök að sérstakar ástæður geri honum nauðsynlegt að fara oftar en einu sinni á ári milli heimilis og námsstaðar.

23. gr.

Sjóðsstjórn er heimilt samkvæmt sérstakri umsókn að veita námsmanni jöfnunarstyrk umfram veitt námslán vegna húsnæðiskostnaðar innanlands enda verði námsmaður að flytjast búferlum námsins vegna.

24. gr.

Sjóðstjórn er heimilt samkvæmt sérstakri umsókn að veita námsmanni námsstyrk umfram veitt námslán, enda geri örorka, heimilisaðstæður eða annað það sem eigi verður talið á valdi námsmanns honum illmögulegt að stunda nám sitt ella.

25. gr.

Námsstyrkir samkv. ákvæðum þessa kafla skulu að öðru jöfnu greiddir samtímis námslánnum samkv. III. kafla reglugerðarinnar.

VI. KAFLI**Önnur ákvæði.****26. gr.**

Heildarsamtök íslenskra námsmanna erlendis geta farið þess á leit við ráðherra, að Lánasjóður íslenskra námsmanna innheimti félagsgjald til samtakanna af þeim námsmönnum sem njóta aðstoðar frá sjóðnum til náms erlendis. Í umsókn skal stjórn samtakanna gera grein fyrir starfsemi þeirra, einkum að því er varðar fyrirgreiðslu við námsfólk, og gera tillögu um gjaldfjárhæð.

Verði ráðherra við slíkum tilmælum skal í bréfi ráðuneytisins til sjóðsstjórnar auk nafns og heimilisfangs samtakanna greina fjárhæð árgjalds, gjaldskyldu námsmanna og innheimtuskyldu sjóðsstjórnar, sbr. 2. málsg. 16. gr. laga nr. 57/1976.

27. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 16. gr. laga nr. 57/1976, um námslán og námsstyrki, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um úthlutun lána og styrkja, settar samkv. lögum nr. 7/1967.

Ákvæði til bráðabirgða.

Haustið 1976 skal veita námsaðstoð til eins námsmisseris, þ. e. fyrir tímabilið til ársloka 1976.

Meðan unnið er að skipulagningu mánaðarlegra útborgana, sbr. 13. gr., skal útborgun námsaðstoðar skipt eftir því sem föng eru á.

Menntamálaráðuneytið, 26. september 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ**um úthlutun lána og byggingu 750 leigu- og söluíbúða sveitarfélaga.****1. gr.**

Á árunum 1977—1981 skal Húsnaðismálastofnun ríkisins heimila sveitarfélögum að hefja byggingu eða festa kaup á eigi færri en 150 leigu- eða söluíbúðum ár hvert eða samtals 750 íbúðum á þessu tímabili.

Húsnaðismálastofnun ríkisins skal veita lán til þessara framkvæmda, enda sé eftirspurn eftir lánnum af hálfu sveitarfélaga.

Lánakjör skulu vera sem hér segir: